

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Margrét Geirsdóttir  
Dags. 13. júní 2023  
Mnr. 2023060021



ÍSAFJARÐARBÆR

## Sambætting þjónustu - tilraunaverkefni

Málið varðar verkefnið „Gott að eldast“ sem er samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands eldri borgara. Með því er lögð áhersla á þverfaglegt samstarf félags- og heilbrigðisþjónustu til að tryggja betri þjónustu til handa eldri borgurum. Grundvallaratriði fyrir samlegðaráhrifum er að ná utan um fagþekkinguna á hvoru sviði með því að samþætta m.a. þjónustu, forvarnir, heilsueflingu og aukna virkni.

Fljótlega kom upp sú hugmynd að þær félagsþjónustur sem spanna svæðið sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þjónar og því var kynningarpóstur sendur til bærarstjóra í Vesturbyggð, bærarstjóra í Bolungarvík, bærarstjóra Ísafjarðarbæjar og forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Allir aðilar hafa lýst áhuga sínum á þátttöku í verkefninu. Standi vilji Ísafjarðarbæjar til þátttöku skal sótt um aðild fyrir lok ágúst 2023 en verkefninu er ætlað að hefjast þann 1. janúar 2024.

Hér að neðan er slóð á viðamikla aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027. Aðgerðaráætlunin spannar alla þjónustu við eldri borgara og lýsir metnaði og vilja til þess að fólk fái þjónustu við hæfi á öllum stigum og geti þannig dvalið á heimili sínu lengur en nú er mögulegt.

[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Gottadeldast\\_Adgerdaaetlun.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Gottadeldast_Adgerdaaetlun.pdf)

Það er ljóst að nauðsynlegt er að fara nánar ofan í saumana á þeirri þjónustu sem félags- og heilbrigðiskerfinu er ætlað að sinna, sérstaklega í dreifðari byggðum. Félagsmálastjórar sveitarfélaganna hafa mikla trú á að með samþættingu ætti að skapast möguleiki á nýta betur fagþekkingu, fjármagn og starfskrafta og vonast því eftir góðum viðbrögðum. Þess ber að geta að auk fjármagns er ætlun viðkomandi ráðuneyta að ráða þrjá sérfræðinga sem munu verða tilraunasveitarfélögunum til ráðgjafar á meðan á verkefninu stendur. Staðreyndin er að þau sveitarfélög sem hér um ræðir spanna víðfeðmt svæði þar sem samgöngur eru helsta áskorunin, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Því væri þátttaka í þessu tilraunaverkefni einstakt tækifæri til þess að vekja athygli á aðstæðum, sem og að leita nýrra leiða til þess að veita góða þjónustu.

Virðingarfyllt,

---

Margrét Geirsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar